

Mótt.

29/3 '19

## Erindi:

### Varðar upplýsingagjöf til tiltekinna sveitastjórnarmanna.

Við Undirritaðir sveitastjórnarmenn, Rósa Matthíasdóttir og Sigurður Ingi Sigurðsson höfum gögn undir höndum sem ekki hafa verið kynnt í sveitarstjórn. Um er að ræða kæru Árna Hrólfssonar til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Kæran laut að aðgengi að niðurstöðum tilboða í efniskaup vegna Flóaljós.

Furðu sætir að undirritaðir hafi ekki verið upplýstir um málið, sem gerir það að verkum að íbúi í sveitafélaginu hefur meiri upplýsingar en undirritaðir sveitastjórnarmenn. Óskað er eftir skýringum hvers vegna undirritaðir voru ekki kynnt umrædd gögn.

Rósa Matthíasdóttir

Sigurður Ingi Sigurðsson



---

## **Eydís P. Indriðadóttir**

**From:** Árni Eiríksson  
**Sent:** 28. janúar 2019 14:21  
**To:** Óskar Sigurðsson; Eydís P. Indriðadóttir  
**Subject:** SV: 2019 01 25 - Svarbréf til ÚU

Glæsilegt þá er þetta frá í bili.

Kv Árni

---

**Frá:** Óskar Sigurðsson <oskar@lex.is>  
**Sent:** 28. janúar 2019 14:10  
**Til:** Eydís P. Indriðadóttir  
**Afrit:** Árni Eiríksson  
**Efni:** RE: 2019 01 25 - Svarbréf til ÚU

Hér er undirritað eintak frá mér til nefndarinnar.

bestu kveðjur  
Óskar

---

**From:** Eydís P. Indriðadóttir [mailto:eydis@floahreppur.is]  
**Sent:** mánudagur, 28. janúar 2019 14:08  
**To:** Óskar Sigurðsson <oskar@lex.is>  
**Cc:** Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>  
**Subject:** RE: 2019 01 25 - Svarbréf til ÚU

Sæll Óskar

Er sátt við þetta svona.

Mbk. Eydís

Forsætisráðuneytið  
b.t. úrskurðarnefndar um upplýsingamál  
Stjórnarráðshúsinu  
101 Reykjavík

Selfossi, 28. janúar 2019

**Efni: Umsögn Flóahrepps við kærðu Árna Hrólfssonar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál**

Til LEX hefur leitað sveitarfélagið Flóahreppur, kt. 600606-1310, og falið undirrituðum lögmanni að svara erindi úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 14. janúar 2019 þar sem umbjóðanda mínum var veittur frestur til 29. janúar s.á. til að senda nefndinni umsögn sína í tilefni kærðu Árna Hrólfssonar (hér eftir „kærandi“) vegna synjunar umbjóðanda míns um aðgang að gögnum.

I.

Umbjóðandi minn hefur síðastliðið ár skipulagt og boðið út verkefni sem ber heitið Flóaljós. Felst verkefnið í nýlagningu ljósleiðara um sveitarfélagið og fer félagið Flóaljós, kt. 490118-0980, með framkvæmd þess. Sumarið 2018 auglýsti umbjóðandi minn eftir tilboðum í gerð útboðsgagna vegna verkefnisins, sbr. fundargerð sveitarstjórnar frá 4. júlí 2018. Þrjú tilboð bárust og var tilboði lægstbjóðanda, Frostverks ehf., að fjárhæð kr. 750.000 tekið. Þá efndi umbjóðandi minn til útboðs á framkvæmdum við nýlagningu ljósleiðarans í ágúst 2018 og bar útboðið heitið *Flóaljós – Nýlögn ljósleiðara 2018-2019*. Fjögur tilboð bárust í útboðinu og átti fyrirtækið SH Leiðarinn ehf. lægsta tilboð. Hljóðaði tilboð hans upp á kr. 222.911.100. Í kjölfar þess að tilboð voru opnuð ákvað umbjóðandi minn að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Þá framkvæmdi umbjóðandi minn samhlíða verðkönnun vegna efniskaupa til verkefnisins. Alls bárust þrettán tilboð frá níu fyrirtækjum, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 5. september 2018. Í verðkönnuninni var óskað tilboða í 19 nánar tilgreinda efnisliði. Bjóðendur gerðu ýmist tilboð í alla eða einstaka efnisliði verðkönnunarinnar. Í ljósi fyrirbyggjandi tilboða var ákveðið að kaupa efni af fimm nánar tilgreindum bjóðendum.

Með bréfi 29. nóvember 2018 óskaði kærandi eftir að fá aðgang að niðurstöðum tilboða í efniskaupa vegna fyrrnefnds verkefnis, n.t.t. að uppgefin yrðu tilboðin 13 og heildarupphæð hvers tilboðs fyrir sig.

Með bréfi 10. desember 2018 til kæranda var beiðni hans um aðgang að fyrrgreindum upplýsingum hafnað. Vísaði umbjóðandi minn til þess að um væri að ræða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni bjóðenda sem sanngjarnt og eðlilegt væri að leynt færu, sbr. 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

## II.

Í ljósi fyrirspurnar kæranda og erindis úrskurðarnefndar um upplýsingamál telur umbjóðandi minn að honum sé fært að upplýsa kæranda um þau 13 tilboð sem bárust vegna verðkönnunar um efniskaup til verkefnisins Flóaljóss og heildarfjárhæð hvers tilboðs fyrir sig. Þá undantekningu verður þó að gera að umbjóðandi minn telur sér ekki fært að upplýsa um fjárhæð tilboða þeirra fyrirtækja sem aðeins gerðu tilboð í mjög fáa efnisliði könnunarinnar, þ.e. 1-2 efnisliði. Upplýsingar um fjárhæðir tilboða þeirra aðila væru til þess fallnar að gera kleift að reikna út einingaverð umræddra fyrirtækja í verðkönnuninni og þannig skaða samkeppnisstöðu þeirra á einkamarkaði. Að mati umbjóðanda míns myndi slíkt stríða gegn mikilvægum fjárhags- og viðskiptahagsmunum þeirra bjóðenda sem undanþegnir eru upplýsingarétti almennings, sbr. 9. gr. laga nr. 140/2012. Með þessu telur umbjóðandi minn að gætt sé bæði að hagsmunum borgaranna um gagnsæi við ráðstöfun opinberra fjármuna, s.s. að tryggt sé að umbjóðandi minn hafi stuðlað að því að fá sem hagkvæmust tilboð í efniskaupin, sem og hagsmuna bjóðenda, sem eru fyrirtæki á einkamarkaði, um að viðkvæmir fjárhagshagsmunir þeirra séu ekki gerðir opinberir.

Fyrirgreind 13 tilboð sem bárust í verðkönnuninni og heildarfjárhæð þeirra eru sem hér segir:

| Bjóðandi        | Fjöldi efnisliða | Heildarfjárhæð tilboðs |
|-----------------|------------------|------------------------|
| S. Guðjónsson   | 19               | kr. 53.435.938         |
| Smith & Norland | 17               | kr. 28.681.589         |
| Emtelle         | 7                | kr. 17.994.250         |
| Nestor          | 6                | kr. 29.640.188         |
| P.Porgrímsson   | 1                | kr.                    |
| Lýsir 1         | 19               | kr. 60.185.702         |
| Lýsir 2         | 19               | kr. 60.985.252         |
| Lýsir 3         | 19               | kr. 57.935.989         |
| Ísloft          | 1                | kr.                    |
| Ískraft 1       | 15               | kr. 50.085.098         |
| Ískraft 2       | 19               | kr. 57.787.172         |
| SET             | 17               | kr. 52.187.250         |
| Durinn          | 1                | kr.                    |
| Ísrör           | 2                | kr.                    |

Líkt og fyrr greinir var tilboðum fimm fyrirtækja tekið í alls 19 efnisliði tilboðsins. Heildarfjárhæð þeirra tilboða sem tekið var vegna allra efnisliða nemur kr. 48.013.809. Framangreindar tölur eru allar háðar fyrirvara um gengisbreytingar. Þá hefur efnisþörf í einhverjum tilfellum aukist vegna nýrra tenginga.

Umbjóðandi minn veitir fúslega frekari upplýsingar vegna fyrirspurnar kæranda.

Virðingarfyllt,



Óskar Sigurðsson, lögmaður